

Fundargerð 164. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Fimmtudagur 19. nóvember 2015
Fundartími: 16:00 – 16:15:
Fundarmenn: Árni Eiríksson
Svanhvít Hermannsdóttir
Margrét Jónsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir
Elín Höskuldsdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Dagskrá:

Árni Eiríksson setti fund bauð fundargesti velkomna. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

1. Fundargerð Skipulagsnefndar nr. 98, dags. 22.10.2015 **a) Langholt 2 lnr. 166249: Deiliskipulag 1509072 - frestað á 163. fundi 4. nóv. 2015**

Á fundi sveitarstjórnar 4. nóvember 2015 var samþykkt að fresta afgreiðslu á deiliskipulagi fyrir Langholt 2 þar til álit lögfræðings sveitarfélagsins lægi fyrir. Álitid liggur nú fyrir.

Athugasemdir við deiliskipulagstillöguna hafa komið fram frá eiganda Langholts 1 í Flóahreppi. Telur hann að skipulagssvæðið taki til lands, sem sé í hans eigu en því er mótmælt af hálfu eiganda Langholts 2. Af þessum sökum tekur sveitarstjórn fram að það er ekki hlutverk sveitarstjórnar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 að kveða á um hvor aðilinn hafi rétt fyrir sér eða úrskurða í ágreiningi aðila um eignarhald eða afmörkun á því landi sem um ræðir. Sveitarstjórn hefur ekki heimild að lögum til að leysa úr slíkum ágreiningi heldur heyrir hann eftir atvikum undir sýslumann samkvæmt lögum um landamerki nr. 41/1919 eða dómstóla samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í ljósi framangreinds og þar sem deiliskipulagstillögunni hefur ekki verið breytt þannig að hún taki ekki til ágreiningssvæðis aðila, synjar sveitarstjórn samþykkt tillögunnar og verður hún ekki auglýst til kynningar.

Ákvörðun sveitarstjórnar er hægt að kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samkvæmt lögum nr. 130/2011 og er kærufrestur einn mánuður frá þeim tíma er kæranda varð kunnugt um eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðsluna með 5 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:15.

Árni Eiríksson
Elín Höskuldsdóttir
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Sigurbára Rúnarsdóttir
Svanhvít Hermannsdóttir
Margrét Jónsdóttir

